

1870.

28. septbr.

86. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um lyfjaskrána 1869.

Til samlags við bréf stjórnarráðsins 30. apríl þ. á., sendum vèr yður (tit.) nokkur exemplör af lyfjaskránni 1869, og fyrsta viðbæti við hana; á hvorttveggja að koma til gildis frá 1. janúarm. 1871. Vèr mælumst þessvegna til, að þèr sendið lyfsölum og læknum þeim í suðurumdæminu (norður- og austurumdæminu, vesturumdæminu), sem sjálfir láta af hendi lækningameðöl, hverjum eitt exemplar, sitt af hvoru.

28. septbr.

87. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um ótta fyrir hallæri í nokkrum austur-sveitum.

Í skýrslu nokkurri, sem þèr, herra stiptamtmaður, hafið sent hingað með brèfi 17. f. m., og skýrir frá umsjónarferð yður um suðurumdæmið nú í sumar, hafið þèr látið í ljósi, að illa horfist á víða hvar í Vesturskaptafellssýslu og að nokkru leyti í Eyjafjallahrepp í Rangárvallasýslu, bæði sökum þess, að bændur hafi neyðzt til í harðindunum í fyrra að farga nokkru af þeim pening til viðurværis, sem nauðsynlegur er til búskapar, og af því, að illa hafi víðrað í sumar um heyskapartímann; ofan á þetta kemur, að of margir búa á einni og sömu jörðu, og eykur það mjög fátækt manna. Þareð það lítilræði, sem eptir er af gjafakorninu, — þó því muni væntanlega verða útbytt meðal íbúa í þessum sveitum — ekki mun nægja til þess að afstýra hallæri, hafið þèr, herra stiptamtmaður, borið upp, hvort stjórnarráðinu fyndist ekki ástæða til, að veita yður myndugleika til, eptir atvikum að gjöra þær ráðstafanir, sem með þarf.

Útaf þessu mælumst vèr til, herra stiptamtmaður, að ef nauðsyn ber til að gjöra sèrstaklegar ráðstafanir til að afstýra hallæri í nefndum sveitum að vetri komanda, þá framkvæmið þèr allt það, sem með þarf í þessu máli, og veitum vèr yður myndug-

leika til, að taka það fæ, sem til þessa kynni ganga, úr jafnaðarsjóðnum, og, ef hann hrökkur ekki til, þá að taka lán uppá hann annaðhvort hjá kaupmönnum eða öðrum.

1870.
28. septbr.

Jafnframt þessu skal því við bætt, að eptir beiðni yðar höfum vér samkvæmt konungsúrskurði 16. maí 1829¹ hlutazt til um, að útgjöld þau við ferð yðar, sem ekki verða talin með endurgjaldi ferðarkostnaðar, verði yður útborguð af jarðabókarsjóði Íslands með 80 rd.

88. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um afgjald af nokkrum sýslum.

28. septbr.

Eptir að stjórnarráðinu hefir borizt bréf yðar 7. maí þ. á., höfum vér hlutazt til um, að tekið verði í fjárhagsáætlunina fyrir fjárhagsárið 1871—72 uppástunga um það, að afgjaldið eptir Mýrasýslu verði látið vera 80 rd., en af Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 40 rd. á ári, einnig að konungstíundin af Barðastrandarsýslu gangi til sýslumannsins fyrir afgjald, þannig, að ákveðið verði, að allt afgjaldið af þessari sýslu skuli hëðanaf vera 20 rd. á ári.

Um leið og þetta gefst yður til vitundar, yður fyrst um sinn til leiðbeiningar, skal því við bætt, að stjórnarráðinu þykir sër ekki fært að gjöra neitt við þá bænarskrá, er barst hingað með brëfi yðar, 26. apríl þ. á., frá sýslumanninum í Dalasýslu Lárusi Blöndal, viðvikjandi því, að hann er settur sýslumaður í syðri hluta Barðastrandarsýslu.

¹) Lovsamling for Island IX, 406.